



## Fundargerð

**444. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi á zoom kl. 15:00 miðvikudaginn 13. maí 2020. Þetta er 6. fundur ársins. Fundinum er streymt beint á youtube; [:https://www.youtube.com/watch?v=VPtgyclniM8&fbclid=IwAR3P2soahzBR\\_ulCUVVVj4X6ZwpFbDZhzx1UcMg9w-eUnBY0jAGgP5u46E](https://www.youtube.com/watch?v=VPtgyclniM8&fbclid=IwAR3P2soahzBR_ulCUVVVj4X6ZwpFbDZhzx1UcMg9w-eUnBY0jAGgP5u46E)

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 7 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Bjarki Guðnason starfandi oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir 1. aðalamaður Z. lista boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z. lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskrá bætist;

### III. Fundargerðir til kynningar

9. Fundargerð 17. fundar atvinnuálanefndar, dags. 4. maí 2020

10. Fundargerð 84. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 12. maí 2020

### IV. Annað kynningarefni

3. Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundi með atvinnuvega- nýsköpunar- og ferðamálaráðherra, þingmanna Suðurkjördæmis, stjórnar SASS og sveitar- og bæjarstjóra á Suðurlandi, dags. 8. maí 2020

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

SASS hefur staðið fyrir vikulegum samráðsfjarfundum með þingmönnum Suðurkjördæmis og sveitar- og bæjarstjórum á Suðurlandi frá 24. apríl sl. sem sveitarstjóri hefur setið. Sveitarfélagið hefur nú auglýst eftir námsmönnum í vinnu í sumar en við fengum samþykki fyrir 7 starfsmönnum frá Vinnuálastofnun. Sveitarstjóri og oddviti voru á fundi vettvangsstjórnar sem haldinn var í lok apríl sem jafnframt var síðasti vikulegi upplýsingafundurinn að sinni vegna Covid 19. Þann 4. maí sl. tók sveitarstjóri þátt í samráðsfjarfundi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög um allt land gerðu grein fyrir sinni stöðu og lögðu fram hugmyndir að viðspyrnu ríkisins í ljósi fyrirsjáanlegs tekjufalls sveitarfélaga. Endurskoðun og uppgjör vegna 2019 er á lokametrunum og verður fyrri umræða á næsta fundi sveitarstjórnar í lok maí. Einn landaskiptafundur hefur verið haldinn og er nú beðið eftir yfirferð lögfræðings á skiptagerð sem landeigendur hafa unnið sameiginlega að. Landeigendur munu svo í framhaldinu eiga fund með lögfræðingnum um lokaskjal skiptagerðar og næstu skref. Sveitarstjóri sat einn stjórnarfund Bergrisans. Sveitarstjóri og oddviti sátu tvo fundi vegna umræðu um þekkingarsetur. Sveitarstjóri sat tvo fundi stjórnar Kötlu jarðvangs. Fundur var haldinn í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarð. Menntamálaráðherra boðaði vinnuhóp um heimavist við FSu til fjarfundar 11. maí sl. þar sem tilkynnt var um að ákveðið hefuri verið að fara í 3-5 ára tilraunaverkefni um heimavist á Selfossi fyrir ólöggráða nemendur við FSu og verðu skólameistara falið að útfæra það fyrir haustið. Tveir fundir hafa verið haldnir í sameiningarnefnd sveitarfélagsins Suðurlands. Samráðshópur um mötuneyti Skaftárhrepps fundaði í byrjun maí og stefnt er að næsta fundi mánaðamótin maí/júní. Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til starfa 14. maí nk. og tekur að nýju við sem oddviti Skaftárhrepps.



## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 33. fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 23.04.2020

1. Gámavöllurinn og opnunartími hans.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps fagnar að framkvæmdum við umbætur á Gámavelli sé að mestu lokið. Jafnframt hvetur nefndin íbúa Skaftárhrepps, sumarbústaðaeigendur og aðra gesti að fylgja reglum um umgengi og losun.

Nefndin hvetur til þess að opnunartímar og fyrirkomulag losunar verði auglýstir tímanlega.

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fylgja málinu eftir.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 43. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 07.04.2020

### 2. Breyting á verkaskiptingu vegna sálfræðiþjónustu.

Lagt fram minnisblað forstöðumanns skólaþjónustu er snýr að breytingu á þjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) er varðar sálfræðiþjónustu við börn á svæðinu. Sálfræðingar HSu hafa um áraraðir séð um að gera fullnaðargreiningar s.s. K-SADS vegna ADHD hjá börnum á svæði Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs. Nú hefur byggðasamlaginu verið tilkynnt að HSu sé hætt þessari þjónustu. Þroska- og hegðunarstöð heyrir undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og sinnir slíkum greiningum fyrir allt landið en starfsstöð hennar er einungis í Reykjavík. Víða annars staðar sjá sálfræðingar hjá sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla um slíkar greiningar með tilheyrandi kostnaði fyrir stofnanirnar.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að HSu sé hætt að gera fullnaðargreiningar s.s. K-SADS vegna ADHD hjá börnum á svæði Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu bs. Við þessar breytingar er verið að mismuna börnum á Suðurlandi og börnum á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki verður lengur hægt að fá þjónustuna í heimabyggð nema að því gefnu að skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu sinni henni með tilheyrandi viðbótarkostnaði fyrir aðildarsveitarfélögin.

Til að koma í veg fyrir óviðunandi biðtíma hjá börnum sem þurfa á þjónustunni að halda samþykkir stjórnin eftirfarandi:

Stjórn samþykkir að skólaþjónustan bjóði HSu að fullnaðargreina þá nemendur sem fengu staðfestan grun um ADHD, á bilinu október 2019 og út skólaárið 2020, á kostnað HSu. Afturvirk ákvörðun HSu um að hætta að fullnaðargreina var kunngjörð skólaþjónustunni í samtali í mars. Gengur stjórnarsýsluframkvæmdin gegn jafnræði og birtingarreglu. Auk þess leggur stjórn byggðasamlagsins áherslu á að aðildarsveitarfélögin beiti sér fyrir því að koma í veg fyrir að slík mismunun barna á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu nái fram að ganga.

Stjórn samþykkir að gerður verði samningur um sálfræðiþjónustu við Sálstofuna e sálfræðingar þar vinna fyrir skólaþjónustuna þar sem ekki hefur tekist að ráða sálfræðing til starfa hjá byggðasamlaginu. Samningurinn verði gerður með þeim hætti að hægt verði að



breyta fyrirkomulaginu fáist sálfræðingur til starfa og vilji standi til að breyta fyrirkomulaginu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga vegna málsins.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1903016 Makaskipti íslenska ríkisins og Skaftárhrepps á landi – svar frá FER, dags. 8. maí 2020  
*Sveitarstjóri og oddviti sendu erindi dags. 7. maí sl. varðandi möguleika sveitarfélagsins á leigu á landi ríkisins á Kirkjubæjarklaustri. Svar barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu 8. maí þar sem fram kemur m.a eftirfarandi afstaða ríkisins; „Ríkið sem landeigandi gerir enga athugasemd við fjölgun íbúðarhúsalóða á því landi sem tilheyrir ríkissjóði á Kirkjubæjarklaustri. Sveitafélaginu er frjálst að stefna að úthlutun þessara lóða óháð því hvort samningar takast eða ekki vegna málsins. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að hálfu ríkisins sem kemur í veg fyrir að sveitarfélagið haldi áfram með vinnu deiliskipulags í þessu samhengi.*  
  
*Ríkið getur því alveg verið áfram eigandi að landinu þó að stefnt sé að fjölgun íbúðarhúsalóða og það er engin sérstök þörf á að leigja landið til sveitarfélagsins til að þessi vinna geti haldið áfram.“*  
*Sveitarstjórn þakkar svörin og mun áfram leita leiða, í samvinnu við ríkið, að fá niðurstöðu í þær makaskiptahugmyndir sem lagðar hafa verið fram. Samkvæmt svari ráðuneytisins munu þær samningaviðræður ekki hafa nein áhrif á úthlutun lóða samkvæmt deiliskipulagi á landi ríkisins á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að vinna tillögu að reglum um úthlutun lóða á Kirkjubæjarklaustri.*
2. 2005001 Breytingar á gjaldskrá sorphirðu – fyrri umræða  
*Fyrirspurnir hafa borist frá íbúum hvort áfram muni standa til boða að fá einn gám á ári fyrir járn á lögbylí í Skaftárhreppi vegna tiltektar sem undanfarin ár hefur verið óskrifuð regla. Ekki er tekin afstaða til þess í samþykktum sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs nr. 909/2018. Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur unnið tillögu að gjaldi fyrir slíka þjónustu sem væri hægt að bæta inni gjaldskrá Skaftárhrepps um sorphirðu og sorpeyðingu nr. 995/2018.*  
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta umræðu um breytingu á gjaldskrá á meðan á tilraunaverkefni í sorphirðu stendur yfir. Skaftárhreppur mun því ekki bjóða uppá þjónustuna á þessu ári. Sveitarfélagið mun líkt og undanfarin ár standa fyrir hreinsunarátaki í dreifbylí í sumar og hvetur sveitarstjórn íbúa til að nýta sér það.*
3. 1910013 Rekstraryfirlit 4 mánaða staða og næmnigreining á fjárhagsætlun 2020  
*Sveitarstjóri og fjármálastjóri hafa unnið að því að greina mögulegar sviðsmyndir miðað við þann mikla tekjusamdrátt sem blasir við sveitarfélaginu á næstu mánuðum. Atvinnufulltrúi hafði samband við 26 atvinnurekendur í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi til að fá betri upplýsingar um hlutfall þeirra sem eru að nýta hlutabótaleið stjórnvalda eða hafa sagt upp starfsfólki nú þegar. Samanlagður fjöldi starfsmanna þessara fyrirtækja voru 169 þann 15. mars sl. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að frá 1. maí 2020 verða 43% starfsmanna án atvinnu og 57% eru að nýta hlutabótaleið stjórnvalda. Þetta er í takti við spár Vinnuálastofnunar vegna apríl sem er 34% atvinnuleysi í*



Skaftárhreppi en líklegt er að sú tala verði enn hærri í maí þegar uppsagnir hafa tekið gildi.

Nýlega tilkynnti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga um þá ákvörðun ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að lækka áætlaðar mánaðargreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um 12,5% í ljósi væntanlegs samdráttar á tekjum sjóðsins. Gera má ráð fyrir enn meiri lækkun framlaga úr sjóðnum þegar ný áætlun verður gefin út í byrjun sumars.

Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu 4 mánuði ársins gefur til kynna að rekstrartap pr. mánuð sé um 2,5 millj. kr nú þegar í samanburði við áætlun ársins og því ljóst að verulega kreppir að í rekstrinum.

Myndin hér til hliðar sýnir þrjár mögulegar sviðsmyndir rekstrarniðurstöðu pr. mánuð miðað við 15%, 20% eða 30% samdrátt í tekjum. Ef við gefum okkur að svartasta sviðsmyndin verði að veruleika, miðað við óbreyttan rekstur, stefnir rekstrartap sveitarfélagsins í 14 millj.kr neikvæða rekstrarniðurstöðu á mánuði út árið. Það gerir um 20% tekjusamdrátt miðað við endurskoðaða áætlun sveitarfélagsins vegna 2020.

Rekstur				
Fjárhæð í m.kr.	Áætlun	Næm nigræining		
		Tilvik 1	Tilvik 2	Tilvik 3
		-15%	-20%	-30%
Útsvar	24.668	-3.700	-4.934	-7.400
		-5%	-10%	-15%
Fasteignaskattur	8.448	-422	-845	-1.267
Lóðarleiga	0	0	0	0
		-5%	-10%	-15%
Framlög jöfnunarsjóðs	6.909	-345	-691	-1.036
		-5%	-10%	-20%
Aðrar tekjur	8.193	-410	-819	-1.639
		-4.878	-7.289	-11.343
<b>Tekjur samtals</b>	<b>48.218</b>	<b>43.340</b>	<b>40.929</b>	<b>36.875</b>
Laun og launatengd gjöld	28.542	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	20.834	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	-1.158	-6.036	-8.447	-12.501
Afskriftir	0	-5	-10	0
Fjármagnskostnaður	-1.430	0	0	0
		5%	10%	15%
Aðrir liðir (+tekjur, -gjöld)	0	0	0	0
		5	10	0
<b>Gjöld og aðrir liðir samtals</b>	<b>50.806</b>	<b>50.811</b>	<b>50.816</b>	<b>50.806</b>
Heildarfrávik frá áætlun		-4.883	-7.299	-11.343
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-2.588</b>	<b>-7.471</b>	<b>-9.887</b>	<b>-13.931</b>

Mikil óvissa er framundan í rekstri sveitarfélagsins og ljóst að sækja þarf meiri fjármögnun til rekstursins hvaða sviðsmynd sem það verður sem við stöndum frammi fyrir þar sem ekki verður til nægt handbært fé til að standa undir rekstrinum út árið.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur talað fyrir því að beita þurfi sértækum úrræðum til að koma til móts við þau sveitarfélög sem búa við fyrirsjáanlega skerðingu tekna líkt og af þeirri stærðargráðu sem Skaftárhreppur mun verða fyrir. Svo sveitarfélagið geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum gagnvart íbúum leikur engin vafi á að stuðningur af hálfu ríkisins verður að koma til þar sem þanþol sveitarfélagsins til lántöku minnkar einnig í takt við tekjusamdráttinn þrátt fyrir að skuldahlutfallið sé ekki hátt í dag. Án stuðnings frá stjórnvöldum stendur sveitarfélagið að öllum líkindum frammi fyrir því að geta ekki uppfyllt viðmið um



*jafnvægi í rekstri sbr. 13. gr. reglugerðar 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.*

*Sveitarstjóri leggur til að þar til upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda og endanlega áætlun Jöfnunarsjóðs um lækkun framlaga liggur fyrir verði framkvæmda- og fjárfestingaráætlun Skaftárhrepps 2020 sett á bið.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framkvæmda- og fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins 2020 verði sett í bið og leggur jafnframt áherslu á að gætt verði fyllsta aðhalds í rekstri sveitarfélagsins þar til frekari upplýsingar liggja fyrir varðandi áætlaðar tekjur árið 2020. Sveitarstjóra falið að upplýsa forstöðumenn stofnana um ákvörðun sveitarstjórnar ásamt því að senda erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stöðu sveitarfélagsins.*

4. 2003009 Staða ljósleiðaraverkefna í Skaftárhreppi og næstu skref

*Fyrir fundinum liggur minnisblað frá sveitarstjóra til kynningar fyrir sveitarstjórn um stöðu ljósleiðaraverkefna í Skaftárhreppi og næstu skref. Vinna við að tengja íbúa í Álftaveri er nú langt komin og gerum við ráð fyrir að fara í blástur og þá tengivinnu sem hægt er á næstu vikum þar til stofninn við Hrífunes hefur verið kláraður. Eftir er að ljúka við að koma heimitaugum inni hús í efri hluta Skaftártungu, leggja rör frá Búlandi að Hvammi um 2 km leið ásamt því að leggja stofn frá Hrífunes í Álftaver sem lagður verður með Rarik nú í vor. Enn er talsvert frost í jörðu í Skaftártungu og verður því ekki hægt að fara af stað í það verkefni fyrr en í byrjun sumars ásamt því að hafin verður vinna við lagningu ljósleiðara að Hunkubökkum. Álftaver, efri hluti Skaftártungu og Hunkubakkar eru þau verkefni sem sveitarfélagið hlaut styrki til að vinna 2019 og 2020 samkvæmt tilboði Ísland ljóstengt og úr byggðaáætlun. Í upphaflegri áætlun sveitarfélagsins til fjarskiptasjóðs var gert ráð fyrir að farið yrði í efri hluta Skaftártungu og Hunkubakka árið 2020 en vegna flýti framkvæmda Rarik í Skaftártungu á 3 fasa rafmagni á síðasta ári var óhjákvæmilegt að fara af stað með ljósleiðarann þar vegna samlegðaráhrifa. Reiknað er með að nú sé lokið um 80% af verkefninu í Skaftártungu en stór hluti af efninu var keypt á síðasta ári.*

*Þann 8. maí sl. auglýsti Fjarskiptasjóður eftir verkefnum í aukaúthlutun sjóðsins vegna Ísland ljóstengt en sérstaklega er horft til verkefna sem fara af stað fyrir 1. september á þessu ári. Til úthlutunar eru um 400 millj.kr og samkvæmt samtali sveitarstjóra við fulltrúa verkefnisins Ísland ljóstengt í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu verður lögð sérstök áhersla á flýti verkefni og mikill styrkur ef samlegðaráhrif nást með öðrum veituframkvæmdum. Nú í sumar mun Rarik flýta lagningu þriggja fasa rafmagns í Meðallandi sem jafnframt er síðasti leggurinn í Skaftárhreppi án ljósleiðara. Mikil samlegðaráhrif eru af því að fá að fylgja framkvæmd Rarik með stofnlögn ljósleiðarans sem er um 40 km.*

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn umsókn í aukaúthlutun fjarskiptasjóð fyrir tilskilin frest vegna þeirra styrkhæfu tengistaða sem eftir eru í Skaftárhreppi.*

5. 2004005 Viðspyrna sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna Covid 19 – hugmyndir íbúa Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar góð viðbrögð og hugmyndir að verkefnum sem komu frá íbúum og fyrirtækjum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við atvinnufulltrúa að vinna úr tillögunum og koma í viðeigandi farveg.



6. 2005002 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Systrakaffi ehf um nýtt rekstrarleyfi vegna fnr. 2253971 til sölu veitinga í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 29.04.2020  
*KG, JHK, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
7. 2005003 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Ferðafélagsins Útivistar kt. 420475-0129 um nýtt rekstrarleyfi í Sveinstindi fnr. 219-0806, til sölu gistingar í flokki II, fjallaskálar. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 08.05.2020  
*KG, JHK, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
8. 2005003 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Ferðafélagsins Útivistar kt. 420475-0129 um nýtt rekstrarleyfi í Álftavötnum fnr. 219-0804, til sölu gistingar í flokki II, fjallaskálar. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 08.05.2020  
*KG, JHK, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
9. 2005004 Tilnefning fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfund Háskólafélags Suðurlands 26. maí 2020  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Katrínu Gunnarsdóttur sem fulltrúa Skaftárhrepps á aðalfund Háskólafélags Suðurlands.*
10. 2005005 Menntadagur 12. ágúst 2020. Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 24.03.2020  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur starfsmenn grunn- og leikskóla til þátttöku á Menntadeginum 12. ágúst 2020. Skólastjórum í samvinnu við fræðslunefnd falið að vinna málið áfram.*
11. 2005006 Hamingjulestin – tilnefning Hamingjuráðherra. Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir Unni Einarsdóttir Blandon.*
12. 2005007 Beiðni um tengingu á ljósleiðara og rafmagnstengingu. Kjartan Ólafsson Botnum og Bjarni Jón Finnsson fh. Lindarfisks, dags. 08.05.2020  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið. Gert er ráð fyrir lagningu ljósleiðara að Botnum í umsókn sveitarfélagsins í aukauthlutun til fjarskiptasjóðs nú í sumar. Sveitarstjóra falið að leita eftir samstarfi við Rarik vegna málsins.*
13. 2005008 Áskorun til rekstraraðila verslunarinnar Kjarval á Klaustri  
*Fyrir fundinum liggur tillaga atvinnufulltrúa og formanns atvinnumálanefndar um að skorað verði á rekstraraðila verslunarinnar Kjarval á Klaustri að leggja áherslu á sölu og kynningu á vörum úr heimabyggð. Málið var til umræðu á 17. fundi nefndarinnar þann 4. maí sl. Sveitarstjórn þakkar tillögu atvinnumálanefndar og undirstrikar mikilvægi þess að slík áskorun eigi við alla sölu- og rekstraraðila í Skaftárhrepps. Sveitarstjóra falið að útfæra slíka áskorun í samvinnu við atvinnufulltrúa og formann atvinnumálanefndar. Atvinnumálafulltrúa falið að vinna að því að tengja saman framleiðendur í heimabyggð og sölu- og rekstraraðila.*



### III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 50. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, dags. 21.01.2020. *Fundargerð kynnt*
2. Fundargerð 204. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 05.05.2020. *Fundargerð kynnt*
3. Fundargerð 15. fundar stjórnar Bergisans bs., dags. 01.04.2020. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð 881. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.04.2020. *Fundargerð kynnt*
5. Fundargerð 882. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.04.2020. *Fundargerð kynnt*
6. Fundargerð 883. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 08.05.2020. *Fundargerð kynnt*
7. Fundargerð verkefnisstjórnar um þekkingarsetur, dags. 20.04.2020. *Fundargerð kynnt*
8. Fundargerð um þekkingarsetur, dags. 28.04.2020. *Fundargerð kynnt*
9. Fundargerð 17. fundar atvinnumálanefndar, dags. 4. maí 2020. *Fundargerð kynnt*
10. Fundargerð 84. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 12. maí 2020. *Fundargerð kynnt*

### IV. Annað kynningarefni

1. Minnisblað frá samráðsfjarfundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, þingmanna Suðurlands, stjórnar SASS og sveitar- og bæjarstjóra á Suðurlandi, dags. 29.04.2020. *Kynnt*
2. Minnisblað frá samráðshópi um mótuneytismál í Skaftárhreppi, dags. 06.05.2020. *Kynnt*
3. Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundi með atvinnuvega- nýsköpunar- og ferðamálaráðherra, þingmanna Suðurlands, stjórnar SASS og sveitar- og bæjarstjóra á Suðurlandi, dags. 8. maí 2020. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt með staðfestingu undirritaðra sveitarstjórnarmanna í tölvupósti til sveitarstjóra.

Sveitarstjórn mun funda tvisvar í mánuði þar til ítarlegri upplýsingar um tekjusamdrátt sveitarfélagsins liggja fyrir. Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 28. maí 2020

Fundi slitið kl. 16.50

Bjarki Guðnason

Jón Hrafn Karlsson

Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir